

ÁRSRIT | Menntamálastofnunar 2016



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3	PISA 2015	12
UM MENNTAMÁLASTOFNUN	4	Málefni framhaldsskólans og vottunar	13
Hlutverk og framtíðarsýn	4	Námsefnisútgáfa	15
Skipulag og stjórnun	5	Kynningarfundir og fræðsla	18
HELSTU VERKEFNI		Samstarfsverkefni	20
MENNTAMÁLASTOFNUNAR		Starfsmannamál og fleira	22
ÁRIÐ 2016	8	Fjárhagur og rekstur	23
Áherslur mennta- og menningarmála- ráðuneytis um gæði og námsmat	8	Viðauki: Námsefnisútgáfa Menntamálastofnunar 2016	24
Þjóðarsáttmáli um læsi	8		
Lesferill	10		
Skólagátt og skýrslugrunnur	10		
Innleiðing nýs námsmatskvarða	10		
Ytra mat	11		
Innleiðing rafrænna prófa	11		

Ársskýrsla Menntamálastofnunar 2016

Umsjón: Gunnhildur Steinarsdóttir og Óskar H. Nielsson

Umbrot og hönnun: Menntamálastofnun

Ábyrgðarmaður: Arnór Guðmundsson

Inngangur

Árið 2016 var fyrsta heila starfsár Menntamálastofnunar. Starfsemi stofnunarinnar var enn í mikilli mótun á sama tíma og hún tók við stórum, nýjum verkefnum. Þegar samtímis er unnið að mótun grunngerðar og menningar stofnunar og innleiddar miklar breytingar í íslensku menntakerfi verður vart hjá því komist að það gefi á bátinn. Allra síst í því brimróti sem íslensk menntaumræða er í.

Þrátt fyrir áskoranir í innra og ytra umhverfi Menntamálastofnunar náðist góður árangur í helstu verkefnum hennar. Stutt var við innleiðingu á nýjum bókstafskvarða fyrir námsmat í grunnskólum, stigið stórt skref í innleiðingu rafrænna samræmdra könnunarprófa, unnin greining á niðurstöðum PISA í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og ráðgjöf og próf þróuð fyrir eflingu læsis. Einnig voru stigin stór skref á framhaldsskólastigi í aðgerðum gegn brotthvarfi og staðfestingu nýrra námsbrauta í tengslum við styttingu náms.

Það vill oft gleymast að á bak við hvert þessara verkefna fer fram ómæld vinna í skólum landsins. Hafa kennarar og skólastjórnendur sýnt mikinn styrk í að takast á við ný viðfangsefni sem því miður hefur oft fallið í skuggan af neikvæðri umræðu. Menntamálastofnun vill gjarna fá gagnrýni á sín störf en þá skiptir máli að sú gagnrýni sé málefnaleg og byggji á áreiðanlegum gögnum og rökum. Sama gildir örugglega um skóla landsins. Það vekur athygli að málflutningur nemenda er oft hvað málefnalegastur og hefur Menntamálastofnun notið góðs af því í ungmennaráði stofnunarinnar. Hafa nemendur m.a. sýnt mikinn

áhuga á verkefnum um vellíðan ungmenna sem stofnunin sinnir.

Breytingar á námsmati hafa verið fyrirferðarmiklar en Menntamálastofnun sinnir einnig öðrum stórum málaflokkum. Á árinu fór fram greining á námsgagnaútgáfu, framleiðslu þeirra, birgðahaldi og dreifingu. Í framhaldinu var ráðist í útboð á birgðahaldi og dreifingu námsbóka sem vænst er að skili sér í hagræðingu sem nýtist í aukna útgáfu námsgagna. Framundan er að móta útgáfustefnu og gera áætlun um útgáfu til lengri tíma. Stofnunin beindi því einnig til stjórnvalda að mótuð yrði stefna um fyrirkomulag útgáfu námsgagna með endurskoðun á lögum um námsgögn frá árinu 2007.

Menntamálastofnun er ætlað mikilvægt hlutverk í framkvæmd íslenskrar menntastefnu. Væntingar eru miklar um umbætur og framþróun í menntun hér á landi en enginn einn aðili eða stofnun getur verið ábyrg fyrir því að uppfylla þær væntingar. Því ber að fagna að öll sveitarfélög í landinu hafa með mennta- og menningarmálaráðuneyti skrifað undir Þjóðarsáttmála um læsi og báðir þessir aðilar hafa lagt til starfskrafta og fé í það verkefni. Vonandi er það vísir að samstöðu um menntamál hér á landi þar sem allir leggjast á árarar um að efla menntun ungs fólks.

*Arnór Guðmundsson,
forstjóri*



Um Menntamálastofnun

Menntamálastofnun tók að fullu til starfa þann 1. október 2015 en lög um stofnunina voru samþykkt á Alþingi í júlí það ár. Samkvæmt lögum nr. 91/2015 er Menntamálastofnun stjórnáðalstofnun á sviði menntamála sem stuðla skal að auknum gæðum skólastarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið.


Kjarnastarfsemi Menntamálastofnunar er fjórþætt: Stofnunin sér öllum grunnskólanemendum fyrir fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum sem eru í samræmi við aðalnámskrá. Hún sinnir eftirliti og metur með mælingum árangur af skólastarfi. Menntamálastofnun sér um söfnun, greiningu og birtingu upplýsinga um menntamál og veitir stjórnvöldum, fagaðilum og almenníngi upplýsingar og leiðbeiningar á grundvelli þeirra. Loks sinnir Menntamálastofnun ýmiss konar stjórnáðslu og þjónustu, s.s. innritun í framhaldsskóla, undirbúningi að staðfestingu námsbrautalýsinga og útgáfu leyfa.

Stjórnvöld hafa mótað stefnu um umbætur í menntamálum sem fela í sér nýjar áherslur um bættan árangur í lestri og betri námsframvindu nemenda. Eins og áður segir hafa Menntamálastofnun verið falin ný verkefni sem tengjast þessum stefnuáherslum, s.s. í tengslum við læsi, staðfestingu nýrra námsbrauta í framhaldsskólum og aðgerðir gegn brotthvarfi. Sér stofnunin um samskipti við starfsgreinaráð vegna staðfestingar námsbrauta í starfsmenntun. Jafnframt hafa stjórnvöld lagt áherslu á velferð nemenda og hrundið af stað aðgerðum gegn brotthvarfi sem Menntamálastofnun hefur umsjón með.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið Menntamálastofnun að vinna tillögur um endurskoðun á ákveðnum þáttum aðalnámskrár sem lúta m.a. að hæfni og matsviðmiðum. Loks hafa stjórnvöld lýst yfir áhuga á að endurskoða þátt Menntamálastofnunar í gerð og miðlun námsgagna og að endurmeta hlutverk ríkisins á því sviði.

Hlutverk og framtíðarsýn

Menntamálastofnun hefur skilgreint sem tilgang sinn „að nemendur fái notið bestu mögulegrar menntunar“. Að því miðar allt starf stofnunarinnar innan þess ramma sem lög og stefna stjórnvalda setur. Menntamálastofnun kappkostar að þau gögn sem stofnunin aflar, greinir og miðlar séu áreiðanleg, gagnreynd og skiljanleg. Þau nýtist í þágu nemenda og árangurs í námi sem og stjórnvöldum við mótun stefnu og innleiðingu hennar. Framtíðarsýnin er að Menntamálastofnun sé í fararbroddi á heimsvísu í þróun námsgagna, mats, þjónustu og ráðgjöf við skóla og í þágu nemenda.



Skipulag og stjórnun


Starfsemi Menntamálastofnunar er í megindráttum skipt á milli þriggja sviða. Matssvið hefur með höndum framkvæmd prófa og kannana, úrvinnslu þeirra og framsetningu á niðurstöðum. Á matssviði fer einnig fram ytra mat á leik-, grunn- og framhaldsskólum, greining á stöðu skólakerfisins og öflun viðeigandi gagna varðandi framgang stefnu stjórnvalda.

Miðlunarsvið hefur með höndum gerð og miðlun námsgagna, bæði námsbóka, kennsluleiðbeininga og stafræns efnis. Sviðið hefur einnig umsjón með uppbyggingu gagnagrunna á vegum stofnunarinnar og hönnun viðmóts fyrir notendur alls efnis.

Þjónustusvið sér um þjónustu og stjórnsýsluverkefni vegna staðfestingar námsbrautalýsinga og innritunar í framhaldsskóla, viðurkenningar einkaskóla, leyfisbréf og velferðarmál. Einnig sér þjónustusvið um fjármál og sameiginlega þjónustu innan Menntamálastofnunar.

Sameiginlega sjá sviðin þrjú um greiningu og miðlun upplýsinga og ráðgjöf á vegum stofnunarinnar.

Skipurit Menntamálastofnunar:



Innra starf

Unnið var að undirbúningi mótunar stefnu á helstu mál-efnasviðum.

Í framhaldi af skýrslu sem stofnunin vann um þróun námsgagnaútgáfu fór fram greining á hvernig best væri staðið að stefnumótun um námsgögn. Í framhaldinu var sent minnisblað til mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem lagt var til að ráðuneytið hefði forgöngu um stefnumótun í þessum málaflokki sem taki m.a. til mögulegs hlutverks ríkisins og einkaaðila.


Unnin var greining á námsgagnaútgáfu og birgðum hjá Menntamálastofnun í því skyni að auka hagræðingu á þessu sviði. Í framhaldinu var ákveðið að efna til útboðs á birgðahaldi og dreifingu námsbóka. Útboðið fór fram á vegum Ríkiskaupa og var ákveðið að ganga til samninga við A4 sem átti lægsta tilboð.

Haldin var málstofa með Paulo Santiago, sviðstjóra stefnumótunar og innleiðingar á skrifstofu menntamála hjá OECD. Til málstofunnar var boðið fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis, Kennarasambands Íslands og háskóla. Paulo flutti einnig erindi á ráðstefnu sem Menntamálastofnun hélt í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Samband sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands. Í framhaldi voru unnin drög að verkefnaáætlun um uppbyggingu heildstæðs kerfis fyrir náms- og gæðamat sem kynnt var fyrir ráðgjafarnefnd stofnunarinnar.



Skipulag og stefnumótun

Unnið var sjálfsmat samkvæmt CAF sjálfsmatslíkaninu (Common Assessment Framework) í vinnuhópi stjórnenda og starfsfólks. Á komandi árum kemur vinna til með að halda áfram samkvæmt CAF sjálfsmatslíkaninu en helstu niðurstöður má sjá á mynd hér að neðan.



Allir framkvæmdaþættirnir fimm: Forysta, stefnumótun og áætlanagerð, starfsmenn, samstarf og auðlindir og ferli koma út á bilinu 11-30 sem samkvæmt stigatöflu þýðir að einhverjar vísbendingar eru á sumum sviðum um að verið sé að vinna í samræmi við lýsingu CAF á gæðastarfi. Árangursþættirnir fjórir: Ánægja borgara/viðskiptavina, ánægja starfsmanna, samfélagslegur árangur og lykilárangur koma einnig út á bilinu 11-30 sem gefur til kynna að litlar mælingar séu gerðar. Þær mælingar sem eru gerðar sýna annaðhvort fremur neikvæða þróun og árangur því ekki í samræmi við markmið eða þróunin er ekki ljós þar sem það vantar mælingar frá fyrri árum til samanburðar. Kvarðinn er frá 0-100.

Í framhaldi af sjálfsmatinu var unnin umbótaáætlun sem tók til stjórnunar og stefnumótunar, húsnæðis og búnaðar, gæðastjórnunar, starfsmannamála og samskipta við aðila utan stofnunarinnar. Unnin var mannauðsstefna og starfsþróunaráætlun.

Könnun SFR á stofnun ársins

Menntamálastofnun var í 73. sæti af 76 stofnunum í könnun SFR á stofnun ársins með 3,516 stig. Í framhaldinu var haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið var yfir athugasemdir þeirra. Leitað var til Gallup um umbætur í kjölfar könnunarinnar og héldu ráðgjafar frá fyrirtækinu vinnufund með starfsfólki um samskipti og starfsanda. Í kjölfarið var hafin vinna við sjálfsmat stofnunarinnar samkvæmt CAF kerfinu í sameiginlegum vinnuhópi starfsfólks og stjórnenda.

Gæðamál og upplýsingaöryggi

Á árinu var unnið með Stika ehf. að skipulagningu og undirbúningi að öryggisvottun ISO 27001. Stefnt er að því að undirbúningi verði lokið á árinu 2017 og öryggisvottun verði staðfest 2018. Fjarvinnustefna, starfsmannastefna og öryggisstefna hafa verið settar fram og samþykktar. Töluverð vinna hefur verið unnin í gæðahandbók og gæðahandbók á árinu og hafa 79 skjöl í gæðahandbókinni verið samþykkt, 59 útgefin en önnur úrelt, í vinnslu og/eða í samþykktarferli. Alls eru 19 verkferlar í gæðahandbókinni, 29 eyðublöð, 11 gátlistar, sex vinnulýsingar, eitt stefnuskjal og ein verklagsregla.





Samráð

Menntamálastofnun hefur viðtækt samráð við fjölda aðila um málefni sem tengjast starfsemi og verkefnum stofnunarinnar.

Ráðgjafarnefnd Menntamálastofnunar er skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneyti en í henni eiga sæti fulltrúar Kennarasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitafélaga, Samstarfsnefndar háskólastigsins, Félags íslenskra framhaldsskóla og Heimilis og skóla, auk tveggja fulltrúa ráðuneytis. Ráðgjafarnefndin hélt tvo fundi á árinu. Hlutverk hennar er að vera forstjóra til ráðgjafar um langtímastefnumótun um starfsemi stofnunarinnar.

Ungmennaráð Menntamálastofnunar var stofnað 1. nóvember 2016. Í ráðinu sitja fulltrúar samstarfsaðila sem eru: Barnaheill, SAFT, Samfés, UNICEF, Umboðsmaður barna, UMFÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hlutverk ungmennaráðs Menntamálastofnunar er að vera ráðgefandi fyrir stofnunina um málefni og verkefni sem snúa að börnum og ungmennum. Strax í upphafi við mótun stofnunarinnar var lögð áhersla á að ungmenni væru þátttakendur í ákvarðanatöku innan hennar og stofnun ráðsins er mikilvægur þáttur í þeirri ákvörðun. Nemendur eru helstu hagsmunaaðilar Menntamálastofnunar og því nauðsynlegt að hlusta á hvað ungmenni hafa til málanna að leggja. Í ráðinu sitja 20 fulltrúar á aldrinum 15 til 20 ára. Einn fundur var haldinn á árinu.

Fagráð Menntamálastofnunar tóku til starfa á síðasta ári. Fagráðin eru á starfssviðunum þremur: Matssviði, Miðlunarsviði og Þjónustusviði. Hlutverk þeirra er að vera stofnuninni til ráðgjafar og aðstoðar svo hún geti sem best sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Fagráðin eru skipuð í samræmi við ákvæði 4. gr. laga um Menntamálastofnun nr. 91/2015 og reglugerð um fagráð stofnunarinnar nr. 530/2016. Fagráðin eru á eftirtöldum þremur starfssviðum: Náms- og gæðamats, gerðar og miðlunar námsgagna og upplýsingagjafar og þjónustu. Í fagráðum sitja fulltrúar hagsmunaaðila, svo sem sveitarfélaga, háskólasamfélagsins og stéttarfélaga.

Húsnæðishópur

Stofnaður var húsnæðishópur á árinu sem lagði fram áætlun um húsrýmisþörf miðað við fjölda starfsmanna og verkefna. Starfsfólk hefur gert athugasemdir við loft-ræstingu og hljóðeinangrun í opnum rýmum og brugðist verður við því eins og fjárhagur leyfir. Miðað við hvernig húsnæðið er skipulagt í dag þá reynist þörf vera á 300 m² til viðbótar af skrifstofu- og fundarrými. Fenginn var innanhússarkitekt til þess að útfæra hugmyndir starfsmanna um breytingar á fundarherbergjum og sameiginlegum rýmum með það fyrir augum að gera þau vistlegri og nýtilegri miðað við starfsemi stofnunarinnar. Unnið verður áfram að húsnæðismálum á komandi misserum, þá bæði er varðar innanhúsbreytingar og einnig verður reynt að auka við skrifstofurými á árinu 2017.

Helstu verkefni Menntamálastofnunar árið 2016

Áherslur mennta- og menningarmálaráðuneytis um gæði og námsmat

Menntamálastofnun hefur unnið að þróun náms- og gæðamats í samræmi við aðgerðaráætlun mennta- og menningarmálaráðuneytis um aukin gæði náms í grunnskólum fyrir árin 2015-2016. Lýtur sú áætlun m.a. að þróun samræmdra könnunaprófa með því að þau verði rafræn og hæfnimiðuð. Einnig er lögð áhersla á þróun stöðuprófa í lestri, innleiðingu nýs námsmatskvarða og endurskoðun matsviðmiða og greinasviða aðalnámskrár grunnskóla.

Þjóðarsáttmáli um læsi

Í kjölfar útgáfu *Hvítbókar um umbætur í menntun* árið 2014 stofnaði mennta- og menningarmálaráðherra ráðgjafarhóp sem ætlað var að leggja fram tillögur um úrbætur á læsi hjá íslenskum nemendum. Í framhaldi af þeim tillögum ýtti ráðherra úr vör læsisverkefni sem Menntamálastofnun var falið að undirbúa og framkvæma. Meginþættir verkefnisins eru þessir:

ÞJÓÐARSÁTTMÁLI UM LÆSI

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og öll sveitarfélög landsins undirrituðu þjóðarsáttmála um læsi

GERÐ ÁRANGURSVIÐMIÐA

Markmiðssetning og aðgerðir til eftirfylgni

RÁÐGJÖF, STUÐNINGUR OG STARFSÞRÓUN

Koma á fót teymi sérfræðinga í lestri en hlutverk þeirra er að veita kennurum og skólastjórnendum ráðgjöf í auknu og bættu læsi

SKIMUN OG GREINING

Hanna og staðla skimunarpróf

MAT Á LÆSI Í GRUNNSKÓLUM

Meta árangur, ferli, vinnubrögð, afurðir, notkun og áhrif verkefnisins á læsi barna og unglinga



Í október 2016 lauk vinnu við gerð fyrsta hluta skimunarprófa í lesfimi en að því verkefni komu 29 skólar og 5.500 nemendur af öllu landinu. Þetta var fyrsta mikilvæga skrefið í átt að vönduðu mælingartæki á lestrargetu barna og unglinga.

Til að undirbúa gerð lesfimiviðmiða hófst umfangsmikil vinna við kerfisbundna skoðun á lestrarfræðunum og þekktum lesviðmiðum sem fræðimenn hafa fjallað um. Rýnt var í gögn íslenskra skóla sem hafa náð að auka færni nemenda sinna í lesfimi og lagt mat á það kennslufni sem nemendum er ætlað að takast á við á næsta skólastigi fyrir ofan. Ítarleg greining var gerð á skimunarpröfunum, áreiðanleika og niðurstöðum þeirra. Einnig tóku ráðgjafar frá fimm grunnskólum og tveimur háskólum þátt í gerð viðmiðanna ásamt læsisteymi Menntamálastofnunar.

Lesfimiviðmiðin voru gerð opinber á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2016. Eftir vel rökstuddar tillögur frá ráðgjafarhópi var ákveðið að setja viðmiðin fram sem orð á mínútu en ekki atkvæði á mínútu eins og venjan hefur verið á Íslandi. Ástæður þessa eru tvíþættar, atkvæði eiga eingöngu við á fyrstu skrefum læsis og ekkert annað land notar atkvæði á mínútu sem mælikvarða. Til þess að auðvelda aðlögun að nýjum mælikvarða eru lesfimiviðmiðin birt með báðum kvörðum.

Menntamálastofnun hafa borist beiðnir um læsisráðgjöf frá 46 sveitafélögum og að auki fyrirspurnir af ýmsum toga frá kennurum, skólastjórnendum, fræðslustjórum og sveitarfélögum víðs vegar að af landinu. Flestar hafa verið frá skólastjórum í leit að ráðgjöf fyrir kennara um hvernig bæta skuli lestur og nýta töluleg gögn sér til gagns. Einnig hafa skólastjórar og sveitarfélög leitað eftir ráðgjöf við gerð læsis/lestraráætlaða, skipulagningu og



skilgreiningu á árangri. Haldnir voru 24 fyrirlestrar og að auki tók Menntamálastofnun þátt í skipulagningu á ráðstefnunni „Læsi-, skilningur og lestraránægja“ í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann Akureyri. Þátttakendur voru 402.

Læsisráðgjafar hafa heimsótt alla landshluta og komið að skólastarfi með fjölbreyttum hætti. Fundað hefur verið með fræðslustjórum, kennarahópum og kennurum sem halda utan um verkefni innan skóla sem tengjast læsi. Það skilyrði var sett að skólastjórendur væru þátttakendur í því starfi.

Læsisráðgjafar hafa stofnað til samstarfs við hina ýmsu hagsmunaaðila, m.a. KrakkaRÚV, Kennarasamband Íslands, Heimili og skóla og Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna.

Lesfimiðviðmið Menntamálastofnunar voru birt og afhent mennta- og menningarmálaráðherra í Flataskóla á degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Þau eru almenn viðmið fyrir nemendur í hverjum árgangi og endurspeglar þær kröfur sem þeir þurfa að mæta á næstu stigum náms. Viðmið um læsi barna eru verkfæri fyrir nemendur, kennara og foreldra til að fylgjast með framförum, styðja við læsi og auka þannig líkurnar á því að sem flestir geti aflað sér menntunar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi. Menntamálastofnun gaf út kynningarbækling um lesfimiviðmiðin, hvernig þau eru sett fram og markmið þeirra.

Lesferill

Lesferill er heiti á nýju matstæki sem tekið var í notkun á árinu. Það er unnið af Menntamálastofnun og er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að Lesferill spanni tímabilið frá þriggja til sextán ára aldurs. Hafist var handa við að vinna þessi próf í október 2015. Ýmist er um stöðupróf eða skimanir að ræða. Prófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar. Þau eru aðgengileg og til afnota fyrir alla grunnskóla þeim að kostnaðarlausu. Prófin er hægt að nota í heild sinni eða eingöngu hluta þeirra og þá hugsanlega ásamt öðrum prófum sem kennarar kjósa að leggja fyrir.

Skólagátt og skýrslugrunnur

Skólagátt er ný miðlunarleið Menntamálastofnunar við alla grunnskóla landsins. Skólagátt leysir af svæði skóla sem var á vef Námsmatsstofnunar og er henni ætlað að þjóna þremur hópum notenda: Menntamálastofnun, skólasamfélaginu og rannsóknarsamfélaginu. Tilgangur hennar er m.a. að skrá stuðningsúrræði og undanþágur fyrir nemendur vegna samræmdra könnunarprófa, ná í lykilorð fyrir rafræn próf og skrá niðurstöður könnunarprófa. Einnig gegnir Skólagátt lykilhlutverki í skráningu og birtingu niðurstaðna í Lesferli.

Skýrslugrunnur vegna samræmdra könnunarprófa var gerður aðgengilegur árið 2016. Þar eru birtar tölulegar niðurstöður tengdar framkvæmd prófanna og frammi-stöðu nemenda frá árinu 2009.

Innleiðing nýs námsmatskvarða

Frá og með vori 2016 fá nemendur sem ljúka grunnskóla vitnisburð sinn í bókstöfum í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla. Meginrök fyrir nýjum einkunnakvarða eru að með nýrri aðalnámskrá er augin áhersla lögð á hæfni og sett eru fram ný viðmið fyrir námsmat. Er það í samræmi við áherslubreytingar í menntun hér á landi og í nágrannalöndunum. Skólum er nú gert að gefa nemendum einkunnir í bókstöfum í eftirtöldum námsgreinum og sviðum: íslensku, ensku, stærðfræði, Norðurlandamáli, listgreinum, verkgreinum, náttúrugreinum, upplýsinga- og tæknimennt, skólaíþróttum og samfélagsgreinum.

Í aðalnámskrá grunnskóla eru birt hæfni- og matsviðmið sem lýsa þeirri hæfni sem liggur að baki hverri einkunn. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Mat á hæfni byggir því ekki eingöngu á mati á þekkingu nemandans eða leikni til að framkvæma, heldur getu hans til að skipuleggja, útskýra og nota hugtök um efni viðkomandi námsgreinar eða námssviðs. Við einkunnagjöf er notaður kvarðinn A, B+, B, C+, C og D.

Menntamálastofnun og mennta- og menningarmálaráðuneyti gáfu út bæklinga fyrir nemendur og foreldra annars vegar og kennara hins vegar þar sem nýr námsmatskvarði var kynntur. Auk þess var farin kynningarferð um landið.



Ytra mat

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á leik, grunn- og framhaldsskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Er það gert með skoðun á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, vettvangsheimsóknun matsaðila og viðtölum við börn/nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

Sveitarstjórn sækir um að fá ytra mat á leikskóla með því að svara árlegri auglýsingu frá Menntamálastofnun. Grunnskólarnir sem metnir eru árlega eru valdir af sérstakri verkefnisstjórn fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Bundið er í lögum að meta eigi framhaldsskóla á fimm ára fresti og ákveður mennta- og menningarmálaráðuneyti röðun þeirra.

Á árinu 2016 voru tíu grunnskólar, sjö framhaldsskólar og sex leikskólar metnir. Í kjölfarið voru gefnar út 23 skýrslur.

Þá var unnin skýrsla þar sem metið var hvernig tekist hafði til við ytra mat á grunnskólum 2013-2015. Var hún unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Menntamálastofnun.

Innleiðing rafrænna prófa

Árið 2015 fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Menntamálastofnun að innleiða rafræn próf. Sett var saman teymi innan stofnunarinnar sem tók til starfa í byrjun árs 2016. Við undirbúning prófanna var haft samráð við fjölmarga hópa og aðila innan skólasamfélagsins. Haldnir voru 20 kynningar- og samráðsfundir víða um land auk fjarfunda. Gerð voru myndbönd þar sem framkvæmd og niðurstöður voru skýrðar auk kynningarbréfa og tölvupósta. Birtar voru skýringar og lýsingar á prófunum á heimasíðu Menntamálastofnunar og Facebook-síðunni *Innleiðing rafrænna prófa*. Að auki var framkvæmdahópur samræmdra könnunarprófa með tengilið í hverjum skóla.

Fyrsta kynning á þessum breytingum fór fram á ráðstefnu hjá svæðafélögum Skólastjórafélags Íslands 4. febrúar 2016. Í framhaldi var gerð könnun á vél- og hugbúnaði skóla til að athuga hvernig skólar væru undir það búnir að leggja samræmd könnunarpróf fyrir á rafrænu formi. Þar kom í ljós að víða þurfti að bæta búnað og brugðust sveitarfélög og skólar afar vel við að lagfæra það sem á vantaði. Fyrstu samræmdu könnunarprófin á rafrænu formi voru svo lögð fyrir 4. og 7. bekk dagana 22. til 30. september.

Niðurstöður úr PISA 2015 rannsókninni voru birtar á árinu. Menntamálastofnun sá um framkvæmd PISA-rannsóknarinnar sem lögð var fyrir alla nemendur í 10. bekk vorið 2015. Samstarfi var komið á milli Menntavísindasviðs og Menntamálastofnunar um greiningu gagnanna og túlkun. PISA er lagt fyrir í 72 löndum um heim allan. Könnuð er frammistaða nemenda í stærðfræðilæsi, lesskilningi og náttúrulæsi og að þessu sinni var sérstök áhersla lögð á náttúrulæsi. Könnunin er framkvæmd á þriggja ára fresti og gefur vísbendingar um breytingar á frammistöðu nemenda yfir tíma ásamt því að meta stöðu þeirra við lok skyldunáms. Þetta var í sjötta sinn sem niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar.

PISA 2015


Skýrsla um niðurstöður PISA 2015 kom út í desember og benda niðurstöður til þess að læsi íslenskra nemenda á náttúruvísindi hafi hrakað mikið á síðastliðnum áratug. Læsi á stærðfræði hefur einnig hrakað stöðugt frá því það var fyrst metið árið 2003. Lesskilningur minnkaði frá 2000 til 2006 en eftir það hefur hann ekki lækkað marktækt.

Þetta er mikil breyting á stöðu íslenskra nemenda til hins verra og hefur hún aldrei verið verri í öllum þremur sviðum PISA, áberandi verri en á hinum Norðurlöndunum. Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð hefur þróunin í PISA heldur batnað síðustu ár en í Finnlandi hefur staðan versnað mikið ár frá ári á öllum þremur sviðum PISA-könnunarinnar. Finnland er þó enn með mun betri útkomu en hin Norðurlöndin en Noregur, Danmörk og Svíþjóð raðast núna þétt í kringum meðaltal OECD.

Myndin að neðan sýnir þróun á niðurstöðum PISA-könnunarinnar frá upphafi fyrir Ísland. Í myndinni er staðan fyrri ár borin saman við stöðuna 2015. Kassarnir eru fylltir ef staðan það árið er marktækt frábrugðin 2015 en þeir eru tómir ef staðan er ekki marktækt frábrugðin 2015.



	2000	2003	2006	2009	2012	2015*
Læsi á náttúruvísindi (-2,1 stig/ári)			491	(496)	(478)	473
Læsi á stærðfræði (-2,9 stig/ári)		515	(506)	(507)	493	488
Lesskilningur (-1,6 stig/ári)	507	(492)	(484)	500	(483)	482



Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar undirrituðu viljayfirlýsingu um samstarf sem felur í sér aukin tækifæri til rannsóknarsamstarfs og gagnamiðlunar. Með samstarfinu er ætlunin að efla rannsóknir á menntun og nýta sameiginlega sérfræðipækkingu og gögn. Í samningnum er kveðið á um að starfsfólki Menntavísindasviðs og nemendum í framhaldsnámi verði gert kleift að nýta sér gögn, sem Menntamálastofnun aflar, í rannsóknarskyni. Sérstök áhersla verður lögð á greiningu niðurstaðna úr alþjóðlegum könnunum PISA og Talis, stöðuprófa í lestri, samræmdra prófa og á þróun námsgagna.

Málefni framhaldsskólans og vottunar

Námsbrautalýsingar framhaldsskóla og fræðsluaðila

Alls voru 53 námsbrautalýsingar staðfestar á árinu 2016 en 18 bíða staðfestingar hjá mennta- og menningamálaráðuneyti. Um 50 námsbrautalýsingar eru enn í vinnslu hjá Menntamálastofnun.

Viðurkenning og vottun


Tvær umsóknir bárust um viðurkenningu einkaskóla á grunnskólastigi. Önnur þeirra var samþykkt en hin var sett í annað ferli eftir nánari skoðun lagaákvæða. Fjórar viðurkenningar einkaskóla voru til bráðabirgða eða til eins árs en fimm skólar fengu fulla viðurkenningu. Tíu framhaldsfræðsluaðilar fengu viðurkenningu á árinu. Átta námskrár voru vottaðar og birtar á vef Menntamálastofnunar.

Hæfniramma um íslenska menntun

Haustið 2016 lauk tæplega tveggja ára samráðsvinnu um *Hæfniramma um íslenska menntun* eða EQF-ISQF með undirritun ráðherra og helstu hagsmunaaðila. Samráðsferlið fjallaði um skilgreiningar á tilteknum hæfniprepum og vinnu við endurbætur á heildaruppbyggingu og texta rammans sem miðaði að því að allir hagsmunaaðilar gætu notið góðs af honum.

Innritun í framhaldsskóla


Alls sóttu 4.139 nemendur 10. bekkjar um skólavist sem er rétt tæplega 99% allra þeirra sem útskrifuðust úr grunnskóla vorið 2016. Líkt og undanfarin ár gafst nemendum kostur á að sækja um tvo skóla. Tæplega 90% umsækjenda hlutu skólavist í þeim skóla sem þeir völdu sér í fyrsta val en til samanburðar má geta þess að á síðasta ári var hlutfall þessara nemenda 85%. Kvennaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Sund, Verzlunarskóli Íslands og Tækniskólinn fengu flestar umsóknir en alls sótti um helmingur allra umsækjenda um skólavist í þessum skólum.



Ungmennaráðsdagur Menntamálastofnunar var haldinn 29. apríl. Þá fundaði stofnunin með fulltrúum ungmennaráða Barnaheilla, SAFT, Samfés, UNICEF, umboðsmanni barna, UMFÍ og fulltrúum úr ungmennaráðum sveitarfélaganna Árborgar, Akureyrar, Fjarðabyggðar og Stykkishólms. Markmið fundarins var að skapa vettvang fyrir ungmenntu til að koma skoðunum sínum á framfæri varðandi málefni stofnunarinnar. Einnig að stuðla að því að ungmenni fengju rödd þegar ákvarðanir eru teknar um málefni sem snerta þau og að gæta hagsmuna þeirra t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál stofnunarinnar sem snerta aldurshópinn sérstaklega. Í kjölfarið var stofnað ungmennaráð Menntamálastofnunar sem til dæmis hefur haft sinn fulltrúa í samráðshópi um innleiðingu rafrænna prófa.

Innritun eldri nemenda

Alls bárust 3.824 umsóknir frá eldri nemendum á haustönn 2016. Flestar umsóknir bárust í Tækniskólann og Fjölbautaskólann við Ármúla.



Aðgerðir gegn brotthvarfi

Menntamálastofnun hefur umsjón með styrkveitingum til aðgerða gegn brotthvarfi. Verkefnið tengist þriggja ára verkefnisáætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um námstíma sem byggir á markmiðum um námsframvindu í *Hvítbók um umbætur um menntun*. Árið 2016 voru veittir styrkir til 23 skóla að upphæð 63.310.330 kr.

Leyfisbréf, matsnefnd og undanþágunefndir

Menntamálastofnun hefur umsjón með afgreiðslu umsókna um leyfisbréf fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, náms- og starfsráðgjafa, bókasafns- og upplýsingafræðinga og matsefnd um leyfisbréf fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Árið 2016 bárust alls 366 umsóknir um slík leyfisbréf.

Undanþágunefnd grunnskólakennara tók árið 2016 til afgreiðslu 237 umsóknir og af þeim voru 210 umsóknir samþykktar og 27 synjað.

Undanþágunefnd framhaldsskóla tók árið 2016 til afgreiðslu 43 umsóknir og voru þær allar samþykktar.

Starfsgreinaráð

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokkka eða starfsgreinar. Starfsgreinaráðin eru hvert á sínu sviði ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Tvö meginverkefnin eru annars vegar að búa til og yfirfara starfalýsingar og hæfniröfur fyrir störf úti í atvinnulífinu og hins vegar að yfirfara námsbrautalýsingar starfsnámsskóla sem sendar eru Menntamálastofnun til staðfestingar.

Á árinu 2016 voru sjö starfsnámsbrautir í heilbrigðisgreinum auglýstar í *Stjórnartíðindum* og fengu þar með staðfestingu ráðherra.

Ein starfalýsing var afgreidd í sjávarútvegs- og siglinga- greinum og var hún grundvöllur náms á 2. þrepi á fisktæknibraut.

Tímamót urðu í íslensku skólastarfi þegar samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir á rafrænu formi í september. Í árslok 2015 fól mennta- og menningarmálaráðuneyti Menntamálastofnun að innleiða rafræna fyrirlögn á samræmdum könnunarprófum í grunnskólum. Rafræn próf gefa kost á að meta betur hæfni nemenda en hefðbundið fyrirkomu- lag og í framtíðinni verður unnt að aðlaga próffyrir- lögn að færni nemenda.

Námsgagnaútgáfa

Útgáfan á árinu 2016 var með hefðbundum hætti. Mest var áherslan að vanda á námsefni í íslensku. Þá var einnig gefið út talsvert af námsefni í stærðfræði og eðlisfræði auk annarra greina svo sem samfélagsfræði, heimilisfræði og dönsku. Mest allt efni var gefið út samhliða á rafrænu formi en stefna stofnunarinnar er að allt efni komi út jafnt á rafrænu sem prentuðu formi. Þá var einnig gefið út talsvert af hljóðefni. Alls komu út á árinu 86 nýir og endurgerðir titlar auk endurprentana. Stór hópur höfunda og teignara vann að námsefnisgerð á árinu ásamt ritstjórum stofnunarinnar. Allt efni var framleitt innanlands og stór hluti forritunarvinnu fór fram innanhúss. Hér á eftir er yfirlit yfir það helsta sem gefið var út í einstökum greinum á árinu.

Íslenska

Áhersla hefur verið á útgáfu á nýju efni fyrir miðstig í íslensku. Á árinu 2016 kom út nýtt heildstætt náms efni, *Orðspor 1* og *Orðspor 2*, ætlað 5. og 6. bekk. Höfundar eru Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. Bókunum fylgja verkefnabók og rafrænar kennsluleiðbeiningar. Annað hefti í flokki bókmennta og lesturs, *Söguskinna*, kom einnig út fyrir miðstig. Kennsluleiðbeiningar eru rafrænar og rafrákin kom út á sama tíma. *Átök á Ólympsfjalli* í endursögn Illuga Jökulssonar er önnur í flokki bóka til að glæða áhuga nemenda á sögum frá öðrum menningarsvæðum. Líttlestrarbókin *Draugasaga* eftir Hildi Knútsdóttur var gefin út prentuð og rafræn og *Lyginni líkast* eftir Arndísi Þórarinsdóttur sem kom út fyrir nokkrum árum var gefin út sem rafrákin.

Á unglingastigi var útgefið efni nánast eingöngu rafrænt. Áður útgefnar bækur voru settar á rafrænt form, *Heimir, Logar, Með fjaðrabliki* og *Sérðu það sem ég sé?*

Á yngsta stigi bættust tvær bækur við lestrarbókaflokkinn *Milli himins og jarðar*, annars vegar efni um tunglið og hins vegar um hvali. Í bókunum er reynt að vekja forvitni nemenda á efninu og virkja áhuga þeirra til lestrar. Unnið var að gerð rafrákin með efninu, með viðbótartexta, ljósmyndum og myndböndum. Einnig bættist sjötta bókin við bókaflokkinn *Sestu og lestu*, en þar er lagt upp úr stuttum köflum og liprum texta sem brotinn er upp með teiknimyndasögum á stöku stað. Líttur fræðitexti og verkefni eru aftast í hverri bók. *Lesrún 2* kom út á árinu og er um að ræða framhald af *Lesrúnu* sem notið hefur mikilla vinsælda. Áhersla er lögð á stutta lestexta, orðaforða og lesskilningsverkefni.

Stærðfræði

Á árinu var haldið áfram með útgáfu á námsefninu *Skala* fyrir unglingastig. Lokið var við að gefa út allt námsefni sem tilheyrir *Skala* fyrir 9. bekk auk grunnbóka fyrir 10. bekk, lausnir við þær, verkefnablöð og kennarabækur.

List- og verkgreinar

Þrjár nýjar kennslubækur komu út í heimilisfræði fyrir yngsta stig. Bækurnar kallast *Heimilisfræði 2*, *Heimilisfræði 3* og *Heimilisfræði 4*.

Samfélagsgreinar

Útgáfa í samfélagsgreinum var fjölbreytt að vanda enda fellur efni í landafræði, sögu, lífsleikni, þjóðfélags- og trúarbragðafræði undir þennan flokk.

Á degi íslenskrar tungu hófst hin árlega vísnaðkeppni Vísu- botn 2016 og var hún haldin í samstarfi við KrakkaRÚV. Í keppninni spreyta nemendur sig á því að botna fyrirparta sem að þessu sinni voru eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.

Í lífsleikni voru gefnar út tvær stuttar fræðslumyndir. Myndirnar heita *Alls kyns um kynþroskann* – *Kynfræðsla/kynjamennt* fyrir 10–12 ára og *Alls kyns um kynferðis-mál* – *Kynfræðsla/kynjamennt* fyrir unglingastig. Í þjóð-félagsfræði kom út nýtt efni *Á ferð um samfélagið* ásamt kennsluleiðbeiningum, hljóðbók og flettibók. Fyrsta út-gáfa bókarinnar *Verður heimurinn betri?* kom út árið 2005. Árið 2016 var efnið endurskoðað og uppfært á vefnum sem sjöunda útgáfa bókarinnar. Í trúarbragða-fræði komu út kennsluleiðbeininar með kennslubókinni *Kristín trú*. Í sögu var unnið að því að koma áður útgefnu efni á rafrænt form og voru kennslubækurnar *Lýðræði og tækni*, *Styrjaldir og kreppa* og *Frelsi og velferð* settar á netið ásamt kennslubókunum *Komdu og skoðaðu tæknina* og *Rökk og róttækni*. Í landafræði var bókin *Um víða veröld* – *Heimsálfur* gefin út sem flettibók á netinu.

Náttúrufræði

Útkoma nýrrar grunnbókar í eðlisfræði fyrir unglingastig verður að teljast stór áfangi. Á þessu ári kom út þriðja og síðasta bindi í flokksnum *Litróf náttúrunnar*. Bækurnar eru *Eðlisfræði 1*, *Eðlisfræði 2* og *Eðlisfræði 3*. Á árinu komu *Eðlisfræði 1* og *Eðlisfræði 2* út á rafbókarformi og einnig sem hljóðbækur. Auk þess komu út kennsluleiðbeiningar fyrir *Eðlisfræði 1* og *2*.

Upplýsinga- og tæknimennt

Í upplýsinga- og tæknimennt bættust við verkefni í *Dropbox*, *Leit á neti* og *Word* fyrir miðstigið og fyrir unglíngastigið verkefni í *Google* og *Gagnagrunnshönnun í Access*. Verkefnin eru öll á formi stuttra myndbanda þar sem nemendum er kennd notkun forritana. Einnig var gefinn út viðauki við bókina *Heimir* sem er handbók

um heimildaritun. Viðaukinn er einungis á vef mms.is og í honum er unnið með APA skráningarkerfið.

Erlend tungumál

Í dönsku kom út námsefnið *Bordbombe*, bæði prentað og sem rafbók. Bókin inniheldur fjölbreytta texta, m.a. smásögur og ljóð eftir danska höfunda, sjálfspróf, skrytlur og dægurlagatexta. Nemendur geta unnið nokkuð sjálfstætt með efnið og oft valið framsetningu verkefna. Mörg þeirra má vinna í snjalltækjum og er áhersla á samskipti og frásögn.

Í ensku komu út kennsluleiðbeiningar við bókina *Ready for action*, sem er grunnefni á miðstigi.

Skólaípróttir

Bókin *Leikgleði - 50 leikir*, fyrir yngsta, mið- og unglingastig, inniheldur 50 leiki og er markmið þeirra að efla skynþroska barna, auka samvinnu þeirra og félagsfærni. Lagt er til að fara í leikina utan dyra en þar fá nemendur meira áreiti fyrir öll skynfærin en innan dyra. Leikirnir skiptast í þrennt; námsleiki, samvinnuleiki og hreystileiki. Bókin er sett upp sem rafbók og má prenta hana út í heild eða einstaka leiki.

Myndmennt

Vefefnið Leirmótun - verkefni fyrir alla er framhald af grunnaðferðabókinni *Leirmótun - keramik* fyrir alla og á að nýttast nemendum í grunnskólum og öllum þeim sem eru að reyna fyrir sér í keramik. Áhersla er á verkefni sem eru einföld í útfærslu sem og nýstárleg verkefni sem ekki hafa sést mikið í skólum. Verkefnin má léttu eða þýngja svo að þau hæfi viðkomandi aldri, veruleika kennslustofunnar og þörfum nemenda.





Handbók

Gefin var út handbókin *Skapandi skóli - handbók um fjölbreytta kennsluhætti og stafræna miðlun*. Í handbókinni er að finna hagnýtar upplýsingar um fjölbreytta og skapandi kennslu fyrir kennara á öllum stigum grunnskóla. Fjallað er um nokkrar kennsluáðferðir, bent á margvísleg verkefni og verkfæri sem nýtast á sviði upplýsingatækni og stafrænnar miðlunar.

Útgáfur ársins 2016

Prentað efni	Fjöldi titla
Frumútgáfur	21
Endurútgáfur og endurprentun	84

Rafrænt efni	
Fræðslumyndir	2
Hljóðbækur	12
Rafbækur	38
Kennsluleiðbeiningar á vef	12

Í viðauka er heildarlisti yfir útgefið námsefni á árinu 2016.

Dreifing

Í framhaldi af greiningarvinnu sem unnin var hjá Menntamálastofnun var ákveðið að bjóða út hýsingu og dreifingu námsgagnalagers stofnunarinnar. Ríkiskaup sáu um að bjóða út verkefnið, þrjú tilboð bárust og átti A4 hagstæðasta tilboðið. Um er að ræða dreifingu til allra skóla í landinu og lagerhald útgefinna námsbóka auk nýrra bóka sem gefnar verða út á samningstímanum sem er til þriggja ára. Breyting þessi mun hafa í för með sér talsverða hagræðingu og sparnað sem mun nýtast

til frekari útgáfu námsgagna fyrir grunnskóla. Þetta mun ekki hafa áhrif á það hvernig skólar panta námsefni en það verður áfram gert í gegnum heimasíðu Menntamálastofnunar. Skólar munu því ekki finna fyrir breytingunni og stofnunin leggur áherslu á að bjóða áfram upp á góða þjónustu við skólana. Heildarumfang þessara sendinga hefur verið umtalsvert, t.d. á árinu 2016 var rúmlega 7.000 sendingum komið til skólastofnana á Íslandi.

Skýrslur

Á árinu komu ýmsar skýrslur út á vegum Menntamálastofnunar. Þar ber helst að nefna samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Menntamálastofnunar um gerð og útgáfu skýrslu um niðurstöður PISA 2015. Þá komu út 23 skýrslur vegna ytra mats leik, grunn- og framhaldsskóla.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Samið var við Kosmos og kaos um hönnun og uppsetningu á heimasíðu nýrrar stofnunar og var hún formlega tekin í notkun í apríl 2016. Á sama tíma voru eldri síður Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar lagðar niður. Það reyndist flókið að samhæfa vefinn fyrir hin fjölbreyttu verkefni stofnunarinnar en á honum eru ekki einungis hefðbundnar upplýsingar um verkefni Menntamálastofnunar, útgáfu námsefnis og almennar fréttir, heldur er þar allt útgefið námsefni, námsvefir, læst svæði kennara, Skólagátt og pöntunarkerfi fyrir skóla.

Fjöldi innlita á síðuna var um 1,2 milljónir árið 2016.

Auk almennrar Facebook-síðu Menntamálastofnunar var opnuð síða tengd samræmdum könnunarprófum sem ber heitið *Innleiðing rafrænna prófa*. Litið er á síðuna sem miðlunarleið svo mikilvægar upplýsingar berist jafnóðum til skólanna, í aðdraganda og meðan á prófunum stendur. Voru skólar hvattir til að fylgjast vel með síðunni.

Útbúin var undirsíða fyrir læsisverkefnið sem fékk nafnið *Gott að lesa*. Hugmyndin var að sá vefur haldi utan um verkefni og ráðgjöf og ýmsan fróðleik tengdan læsi. Einnig er haldið úti Facebook-síðu með sama nafni.

Kynningarfundir og fræðsla

Fundir með helstu haghöfum vegna innleiðingar rafrænna prófa

Teymi um innleiðingu rafrænna prófa fundaði með helstu haghöfum í upphafi árs 2016 varðandi væntanlegar breytingar á fyrirlögn samræmdra könnunarprófa. Fundirnir voru alls 12 talsins en fundað var meðal annars með Heimili og skóla, Félagi grunnskólakennara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, skólastjórum á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, mennta- og menningarmálaráðuneyti og skólaskrifstofum á höfuðborgarsvæðinu. Farið var yfir fyrirkomulag rafrænna prófa, undirbúning þeirra, tæknimál og nýr gagnagrunnur kynntur. Eins voru settar fram tillögur að dagsetningum samræmdra könnunarprófa árið 2016.

Kynningarfundir - breytt námsmat

Menntamálastofnun stóð fyrir kynningarfundum um breytt námsmat sem tók gildi vorið 2016. Haldnir voru 14 kynningarfundir á tímabilinu 8. febrúar til 1. mars víðs vegar um land á vegum Menntamálastofnunar í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Voru þeir ætlaðir skólastjórnendum og kennurum 10. bekkjar og tilgangur þeirra var að leiðbeina og kynna nánar fyrir kennurum og stjórnendum væntanlegar breytingar við gerð námsmats vorið 2016.

Það felast töfrar í tölum

Fundað var vítt og breitt um landið með fræðsluerindi Menntamálastofnunar: *Það eru töfrar í tölum*. Erindið var ætlað fræðslustjórum, skólastjórnendum, deildarstjórum og þeim sem eru í forsvari fyrir læsiskennslu í skólum landsins. Þar var fjallað um gagnsemi þess að rýnt sé í tölur með markvissum hætti og kynnt fyrirhuguð skimunartæki ásamt nýjum skýrslugrunni. Fræðsluerindin voru haldin á tíu stöðum víða um land dagana 2.–24. maí og um haustið var farið í tíu skóla á höfuðborgarsvæðinu til viðbótar.

Kynningarfundir - samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk

Á tímabilinu 29. ágúst til 8. september voru haldnir sjö kynningarfundir víða um land. Tilgangur þeirra var að kynna væntanlega rafræna fyrirlögn á samræmdum könnunarprófum. Farið var yfir dag- og tímasetningar, stuðningsúrræði og undanþágur. Einnig var Skólagáttin kynnt og þær breytingar sem urðu á samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk, haustið 2016.





Læsi í leikskóla

Haldin voru tíu fræðsluerindi vítt og breytt um landið á vegum Menntamálastofnunar í samvinnu við Miðju máls og læsis dagana 11. október til 5. desember. Erindið var ætlað leikskólakennurum, deildarstjórum og öðru starfsfólki leikskóla og meginmarkmið þess var að fræða um grunnþætti læsis í leikskóla og málörvun í daglegu starfi. Einnig mikilvægi samstarfs og gerð læsisstefnu.

Kynningarfundur - greining niðurstaðna PISA

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Menntamálastofnun héldu kynningarfund um niðurstöður PISA 2015 þann 7. desember í Bratta í húsnæði Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Þetta var í fyrsta sinn sem slíkur fundur var haldinn en þar greindu sérfræðingar ítarlega frá niðurstöðum og kynntu tillögur að mögulegum úrbótum.

Samstarf var milli Menntavísindasviðs og Menntamálastofnunar um greiningu gagnanna og túlkun niðurstaðna en fyrr á árinu undirrituðu forsvarsmenn stofnana viljafirlýsingu um samstarf.

Kynningarfundir - námsefni

Ritstjórar Menntamálastofnunar kynntu námsefni á haustþingum kennarafélaganna að venju. Farið var á haustþing Kennarasambands Norðurlands eystra, Kennarasambands Austurlands og í haustsmiðjur fyrir grunnskólakennara í Reykjavík. Þá var farið með kynningu á ráðstefnuna Læsi - skilningur og lestraránægja sem haldin var á Akureyri 17. september, á starfsdegi Menntamálastofnunar á Dalvík og með almenna bókakynningu á haustþing Kennarafélags Reykjaness. Þriðjudaginn 11. október var haldin kynning á námsefninu *Leirmótun - keramik* fyrir alla í Listgreinahúsi HÍ.

Út kom á árinu *Northern Lights*, ritið þar sem norrænir fræðimenn rannsaka hvað er líkt með og hvað skilur að menntakerfi Norðurlandanna í niðurstöðum alþjóðlegu rannsóknanna PISA 2012 og TALIS 2013. Ritið inniheldur sex kafla sem allir eru skrifaðir af rannsakendum frá Norðurlöndum. Í köflunum líta höfundar nánar á PISA og TALIS í norrænu samhengi. Menntamálastofnun heldur utan um framkvæmd beggja rannsókna og átti sinn fulltrúa í þessu samstarfi.

Samstarfsverkefni

Ploteus

Menntamálastofnun tekur þátt í Evrópuverkefninu Ploteus sem snýst um gerð gagnagrunns um námsframboð í Evrópulöndunum. Upplýsingum um námsframboð allra framhaldsskóla og háskóla á Íslandi var safnað saman í gagnagrunn sem er aðgengilegur á vef Evrópusambandsins um námstækifæri og námsgráður. Í framhaldi af Ploteus verkefninu verður settur upp gagnagrunnur, sem hefur fengið vinnuheitið Menntabrunnur, með upplýsingum um námsgráður í hverju landi fyrir sig. Þegar vinnu við þessa tvo gagnagrunna er lokið mun verða útfærð vefsíða um námsframboð og námsgráður sem hefur þann tilgang að kynna fyrir ólíkum hópum það námsframboð sem er í framhalds- og háskólum á Íslandi.

Kóðinn 1.0

Menntamálastofnun tók þátt í verkefninu Kóðinn 1.0 sem snerist um að kynna grunnatriði forritunar fyrir nemendum í 6. og 7. bekk grunnskóla. Um var að ræða samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis, Samtaka iðnaðarins ásamt fyrirtækjum í tæknigeiranum. Menntamálastofnun kom að verkefninu vegna tengingar við aðalnámskrá grunnskóla, til að sinna ráðgjöf við framleiðslu á kennslumyndböndum og veita ráðgjöf við önnur atriði, svo sem samskipti við skóla og utánúthald á dreifingu tölva. Verkefnin voru leyst í gegnum vef KrakkaRÚV og kennarar fengu aðstoð á vef Menntamálastofnunar.

Dagur gegn einelti

Ár hvert er 8. nóvember helgaður baráttunni gegn einelti. Slíkur dagur var fyrst haldinn árið 2011. Stofnunin hvetur skólasamfélagið og landsmenn alla til að hugleiða hvernig við getum sem samfélag stuðlað að jákvæðara samfélagi fyrir alla.

Aðgangspróf fyrir háskólastig (A-próf)

Aðgangspróf fyrir háskólastig eða A-próf er almennt og samræmt hæfnipróf sem notað er af nokkrum deildum Háskóla Íslands við val á nemendum inn í grunnnám á háskólastigi. Í A-prófinu reynir á færni í málnotkun, talnaleikni, rökhugsun, lesskilningi og fleiri þætti. Prófið er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Menntamálastofnunar og hefur verið notað síðan 2012. Þeir sem tóku prófið árið 2016 voru rúmlega 700 talsins.

Í október var stofnað verkefni sem ber heitið Kóðinn 1.0 og hefur það að markmiði að kynna grunnatriði forritunar fyrir nemendum í 6. og 7. bekk grunnskóla. Um er að ræða samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis, KrakkaRÚV, Samtaka iðnaðarins og fyrirtækja í tæknigeiranum.

Eurydice

EURYDICE er upplýsinganet Evrópusambandsins og EFTA ríkjanna, rekið af EACEA (Education, Audiovisual and Culture Executive Agency), um menntamál í Evrópu. Ísland hefur verið hluti af upplýsinganetinu frá 1994. Á árinu komu út alls níu skýrslur á vegum Eurydice sem fjalla um ýmis málefni tengd menntakerfum Evrópu og EFTA landanna, skýrslur sem fjalla um allt frá meðallaunum starfsfólks við kennslu til nákvæmrar greiningar á styrkja- og námslánaumhverfi Evrópu.

Youth Wiki

Youth Wiki er annað samstarfsverkefni á vegum EACEA sem stofnunin tekur þátt í og var stofnað til þess árið 2015. Því verkefni er ætlað að gefa sem besta lýsingu á stöðu æskulýðsmála í Evrópu. Verkefnið á rætur sínar að rekja til ársins 2013 þegar ákveðið var, sökum aukins fjölda flóttamanna í álfunni, að leggja áherslu á mála-flokkinn. Áætluð lok verkefnis eru um mitt ár 2019.

Á vegum Cedefop heldur stofnunin utan um ReferNet sem er samstarfsnet með það markmið að auka upplýsingasöfnun og miðlun þeirra um starfsmenntun í Evrópu. Öll lönd Evrópska efnahagssvæðisins taka þátt í þessu samstarfi og hafa tengiliðir í hverju landi það hlutverk að afla upplýsinga um nýjungar í starfsmenntun og að koma þeim til Cedefop. Stofnunin skrifar síðan yfirlitsskýrslur um stöðu starfsmenntunar innan Evrópu og stefnumótun sem tengist starfsmenntun á beinan eða óbeinan hátt. Kerfið var sett á stofn af Cedefop til að mæta vaxandi eftirspurn eftir upplýsingum til að auðvelda samanburð á þróun og mismunandi stefnumótun aðildarríkjanna.

ReferNet

Cedefop er miðstöð Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar sem stofnuð var árið 1975. Stofnunin veitir upplýsingar um og greiningu á starfsmenntakerfum í löndum álfunnar, stefnumótun, rannsóknir og útfærslu.



Menntamálastofnun fékk góða gesti þegar þingmannanefnd frá Grænlandi heimsótti stofnunina miðvikudaginn 8. desember. Þau Peter Olsen, nefndarformaður, Mimi Karlsen og Ineqi Kielsen óskuðu eftir að fá kynningu á Menntamálastofnun meðan á heimsókn þeirra á Íslandi stóð. Forstjóri Menntamálastofnunar og sviðsstjórar kynntu starfsemi stofnunarinnar, hlutverk hennar og verkefni. Góðar umræður sköpuðust í framhaldinu um mismun og líkindi menntakerfanna tveggja.

Starfsmannamál og fleira

Þann 1. janúar 2016 voru 68 starfsmenn á launaskrá hjá Menntamálastofnun en þann 31. desember 2016 voru þeir 62. Á árinu létu 16 starfsmenn af störfum en 10 nýir starfsmenn voru ráðnir.

Fjöldi starfsmanna	62
- Konur	40 (65%)
- Karlar	22 (35%)
Fjöldi stöðugilda	54
Meðalaldur	49

Mikil aukning hefur verið á umfangi málaskrár sökum stækkunar stofnunarinnar. Samanburðartölur eru ekki marktækar frá fyrri árum sökum þess að árið 2016 er fyrsta heila rekstrarár stofnunarinnar.

Nokkrar tölur úr málaskrá

	2015	2016
Verkefni/mál	1080	14664
Öll skjöl	11007	14249
Innsend bréf	1681	3153
Útsend bréf	1107	2322
Samningar	234	646
Fundargerðir	68	136
Minnisblöð	21	27




Fjárhagur og rekstur


Árið 2016 er fyrsta rekstrarár sameinaðrar stofnunar og því engar samanburðartölur fyrri ára til staðar. Aðhalds hefur verið gætt í almennum rekstri stofnunarinnar og áætlanir hafa þar staðist. Fækkaði stöðugildum í stoðþjónustu um þrjú en stefna var að ráða ekki í stað þeirra sem hættu og færa frekar til verkefni og starfsfólk til að ná sem mestri hagræðingu. Töluverður kostnaður varð vegna biðlaunaréttar starfsmanna við samein- inguna.

Leitast var eftir að ná sem hagstæð- ustum innkaupum á prentun og rekstrar- vörum og voru rammisamningar nýttir þegar því var við komið. Með hagræðing- araðgerðum náðist markmið stofnunar- innar í rekstri og var rekstrarafgangur ársins 25 m.kr. en tap síðasta ár var 13 m.kr. og því var höfuðstóll í árslok 12.6 m.kr.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR ÚR REKSTRI



ÚTGJÖLD MENNTAMÁLASTOFNUNAR EFTIR MÁLEFNAFLOKKUM



Útgjöld Menntamálastofnunar eftir málefnaflokkum	2016	% af heildarkostnaði
Yfirstjórn	45.053.287	4%
Þjónustusvið	354.723.619	33%
Miðlunarsvið	355.398.379	33%
Matssvið	319.248.581	30%
	1.074.423.866	

Helstu niðurstöður úr rekstri Menntamálastofnunar	2016	% af heildarkostnaði
Laun	637.062.709	59%
Ferðir og fundir	26.977.649	3%
Rekstrarvörur	33.312.952	3%
Prentun og höfundarlaun	140.765.306	13%
Önnur aðkeypt þjónusta	165.985.239	15%
Húsnæði	70.320.011	7%
Rekstrarkostnaður samtals	1.074.423.866	
Sértekjur	173.714.555	
Framlög ríkisins	926.500.000	
Samtals tekjur	1.100.214.555	
Afgangur ársins	25.790.689	
Halli fyrra árs	13.188.953	
Höfuðstóll	12.601.736	

Viðauki

Námsefnisútgáfa Menntamálastofnunar 2016

Fræðslumyndir

44957	Alls kyns um kynferðismál - Fræðslumynd fyrir unglingastig
44958	Alls kyns um kynþroskann - Fræðslumynd fyrir miðstig

Grunnefni

5588	Töfraskinna - bókmenntir fyrir miðstig
5617	Á ferð um samfélagið
7203	Átök á Ólympsfjalli
7199	Bordbombe
7393	Eðlisfræði 3 - Litróf náttúrunnar
7360	Heimilisfræði 2
7359	Heimilisfræði 3
7359	Heimilisfræði 4
7417	Lesrún 2 - Lesa, skilja, læra
7212	Milli himins og jarðar - Hvalir
7198	Milli himins og jarðar - Tunglið
7211	Orðspor 2
7210	Orðspor 1 - vinnubók
7204	Orðspor 2 - vinnubók
7381	Skali 2A - æfingahefti
7378	Skali 2B - æfingahefti
7376	Skali 3A - nemendabók
7312	Skali 3B - nemendabók
7165	Skapandi skóli
5629	Hetjurnar þrjár - Sestu og lestu
7102	Söguskinna - bókmenntir

Rafbækur - Ekki gefnar út á prenti

40097	Leikgleði - 50 leikir
40083	Verður heimurinn betri?

Kennsluleiðbeiningar

8625	Á ferð um samfélagið
7350	Eðlisfræði 1 og 2 - kennsluleiðbeiningar
8504	Kristin trú - kennsluleiðbeiningar
7193	Logar - kennsluleiðbeiningar
8615	Orðspor 1 - kennsluleiðbeiningar
8597	Orðspor 2 - kennsluleiðbeiningar
9057	Ready for Action - kennsluleiðbeiningar
8706	Sérðu það sem ég sé? - kennsluleiðbeiningar
7377	Skali 2B - kennarabók
7354	Söguskinna - kennsluleiðbeiningar
8696	Skali 2B - nemendabók - lausnir, rafbók
8670	Skali 2B - verkefnablöð - rafbók

Hljóðbækur

8619	Á ferð um samfélagið - hljóðbók
8704	Eðlisfræði 3 - hljóðbók
8557	Orðspor 2 - hljóðbók
0505	Hetjurnar þrjár - hljóðbók
8580	Söguskinna - hljóðbók

Rafbækur

40013	Á ferð um samfélagið
40091	Eðlisfræði 3 - rafbók
40094	Heimilisfræði 2 - rafbók
40095	Heimilisfræði 3 - rafbók
40096	Heimilisfræði 4 - rafbók
40082	Lesrún 2 - rafbók
40084	Orðspor 2 - rafbók
40085	Orðspor 2 vinnubók - rafbók
40077	Skapandi skóli - Handbók um skapandi skólastarf - rafbók
40078	Skali 3A - nemendabók - rafbók
8550	Skali 3B - nemendabók - lausnir, rafbók
40046	Skali 2A - æfingahefti - rafbók
40080	Skali 3B - nemendabók - rafbók
40090	Eðlisfræði 2 - rafbók
8703	Skali 3B - verkefnablöð, rafbók
40048	Skali 2B - æfingahefti - rafbók
40080	Skali 3B - grunnbók - rafbók
40019	Hetjurnar þrjár - rafbók
40038	Söguskinna - rafbók

Rafrænar útgáfur með áður útg. efni - 2015 og eldra

Rafbók

40041	Logar - rafbók
40098	Draugaljósið - rafbók
40100	Frelsi og velferð - rafbók
40520	Geisli 3B, grunnbók - rafbók

40092	Grammatik - rafbók
40027	Komdu og skoðaðu tæknina - rafbók
40031	Lyginni líkast - rafbók
40042	Orðspor 1 - grunnbók
40593	Orðspor 1 - vinnubók, rafbók
40089	Eðlisfræði 1 - rafbók
40087	Lýðræði og tækni - rafbók
40088	Með fjaðrabliki - rafbók
40086	Sérðu það sem ég sé? - rafbók
40099	Styrjaldir og kreppa - rafbók
40008	Sögugáttin - Rokk og róttækni - rafbók
40520	Geisli 3b - grunnbók
40032	Um víða veröld - Heimsálfur

Hljóðbók með áður útg. efni - 2015 og eldra

MMS0502	Danski draugurinn - hljóðbók
8760	Logar - hljóðbók
MMS0504	Leitin að haferninum - hljóðbók
MMS0506	Rokk og róttækni - hljóðbók
MMS0501	Köngulær - hljóðbók
40032	Um víða veröld - Heimsálfur - rafbók
MMS0503	Ævintýri í Ingólfsfjalli - hljóðbók

ÁRSRIT | Menntamálastofnunar 2016